

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um barnabætur.

1. *Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs að raungildi vegna barnabóta og barnabótaauka árlega síðustu tíu ár og hve margir fengu barnabætur á hverju ári?*

Barnabætur	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991	1990
Barnabætur	3.779	4.078	2.693	2.684	2.635	2.584	2.522	2.505	3.623	3.277
Barnabótaauki	-	-	1.878	2.102	1.959	1.884	1.817	1.786	1.197	1.105
<i>Alls</i>	3.779	4.078	4.571	4.786	4.594	4.468	4.339	4.291	4.819	4.381
Fjöldi bótaþega ¹⁾										
Barnabætur	41.391	45.709	70.105	70.578	71.342	71.549	71.116	69.806	- ²⁾	-
Barnabótaauki	-	-	33.790	37.906	37.637	37.002	35.781	35.503	29.375	-
<i>Á verðlagi ársins 1999³⁾</i>										
Barnabætur	3.779	4.176	2.804	2.845	2.857	2.849	2.822	2.918	4.376	4.228
Barnabótaauki	-	-	1.956	2.229	2.124	2.078	2.033	2.081	1.445	1.425
<i>Alls</i>	3.779	4.176	4.760	5.074	4.981	4.926	4.855	4.999	5.822	5.653
Neysluverðsvísitala	129,02	126,00	123,89	121,70	119,01	117,02	115,29	110,75	106,80	100,00

- 1) Fjöldi einstaklinga sem eiga rétt á bótum vegna barna innan 16 ára. Hjón talin sem tveir einstaklingar.
2) Upplýsingar ekki fyrirliggjandi
3) Miðað við neysluverðsvísitölu.

Árið 1991 var ákveðið að auka vægi tekjutengingar í barnabótakerfinu og 1997 var skrefið stigið til fulls með því að tekjutengja allar barnabætur. Jafnframt var þá ákveðið að allar bætur og afslátarliðir í tekjuskattkerfinu skyldu hækka um 2,5% í ársbyrjun 1998, 1999 og 2000, í samræmi við áætlanir um verðlagsþróun. Með þessu var í reynd horfið til þess sem gildi þegar staðgreiðsluferfið var tekið upp árið 1988, þ.e. að þessir liðir skyldu fylgja verðlagi.

Þetta atriði endurspeglar í heildargreiðslum barnabóta á árunum 1992–96 sem þróast nokkurn veginn í takt við verðlag. Frá árinu 1997 hefur heildargreiðsla barnabóta hins vegar lækkað, þótt allar fjárhæðir í barnabótakerfinu hafi hækkað um rúmlega 5%. Þessi þróun endurspeglar mikla kaupmáttaraukningu í þjóðfélaginu á þessum tíma og áhrif tekjutengingarinnar við þær aðstæður.

2. *Hvert er fyrirkomulag og skilyrði til barnabóta annars staðar á Norðurlöndum og hve háar eru slíkar greiðslur á ári með hverju barni samanborið við greiðslur hér á landi?*

Við samanburð af þessu tagi þarf að hafa í huga samspil bótagreiðslna og skattkerfis í löndunum. Þannig er almenn skattbyrði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð umtalsvert þyngrri en bæði í Finnlandi og sérstaklega á Íslandi, sem sker sig úr að þessu leyti með mjög há skattleysismörk.

a. Ísland.

Barnabætur hér á landi greiðast vegna hvers barns innan 16 ára aldurs. Barnabætur árið 1999 eru eftirfarandi:

Óskertar barnabætur hjóna	kr.
Með fyrsta barni	104.997
Með hverju barni umfram eitt	124.980
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	30.930
Óskertar barnabætur einstæðra foreldra	kr.
Með fyrsta barni	174.879
Með hverju barni umfram eitt	179.389
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	30.930

Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram 1.169.568 kr. og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram 584.784 kr. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 5% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö um 9% og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 11%.

Barnabætur eru greiddar með tveimur jöfnum greiðslum á ári og eru þær skattfrjálsar. Fyrri greiðslan fer fram eigi síðar en 1. ágúst og síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

b. Danmörk.

Barnabætur greiðast vegna barna sem eru yngri en 18 ára. Þær eru háðar aldri barnsins og eru árið 1999 fyrir hvert barn sem hér segir:

Börn	DKK	ÍSK
1–2 ára	11.300	110.062
3–6 ára	10.200	99.348
7–18 ára	8.100	78.894

Barnabæturnar greiðast út ársfjórðungslega í jöfnum greiðslum og eru til ráðstöfunar 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október. Þær eru hvorki tekjutengdar né skattskyldar. Þess má geta að í gegnum danska almannatryggingakerfið eru greiddir sérstakir styrkir eftir umsókn til tiltekinna hópa, svo sem einstæðra foreldra.

c. Noregur.

Barnabætur greiðast vegna barna sem eru 16 ára og yngri. Fjárhæð barnabóta á árinu 1999 er eftirfarandi:

	NOK	ÍSK
Með fyrsta barni	11.112	97.674
Með öðru barni	11.112	97.674
Með þriðja barni o.fl.	13.092	115.079
Aukabarnabætur vegna barna á aldrinum 1–3 ára	7.884	69.300
Aukabarnabætur fyrir þá sem búa í Finnörku og Norður-Troms	3.792	33.332

Einstæðir foreldrar eiga rétt á viðbótarbarnabótum sem jafngilda greiðslu barnabóta með einu barni umfram það sem viðkomandi á. Barnabætur eru greiddar út fyrsta hvers mánaðar með jöfnum greiðslum. Þær eru skattfrjálsar og án tekjutengingar.

d. Svíþjóð.

Barnabætur í Svíþjóð greiðast vegna allra barna 16 ára og yngri. Barnabætur til barnmargra fjölskyldna eru hærri þegar börnin eru orðin þrjú eða fleiri. Hækka bæturnar um 2.400 sænskar kr. (19.992 íslenskar kr.) á ári fyrir þriðja barn, 7.200 sænskar kr. (59.976 íslenskar kr.) á ári fyrir fjórða barn og 9.000 sænskar kr. (74.970 íslenskar kr.) á ári fyrir fimmta barn og fleiri. Fjárhæð barnabóta árið 1999 er eftirfarandi:

	SEK	ÍSK
Með fyrsta barni	9.000	74.970
Með öðru barni	9.000	74.970
Með þriðja barni.	11.400	94.962
Með fjórða barni	16.200	134.946
Með fimmta barni o.fl.	18.000	149.940

Barnabæturnar greiðast út tuttugasta hvers mánaðar. Þær eru skattfrjálsar og án tekjutengingar. Þess skal getið að greiddar eru svokallaðar viðbótarbætur eða framlengdar barnabætur vegna barna á aldrinum 16–19 ára þegar þau eru í tilteknum skólum.

e. Finnland.

Barnabætur í Finnlandi greiðast með börnum til 17 ára aldurs. Fjárhæð bótanna fer eftir fjölda barna í hverri fjölskyldu og einstæðir foreldrar fá hærri barnabætur. Fjárhæð barnabóta árið 1999 er eftirfarandi:

	FIM	ÍSK
Með fyrsta barni	6.420	78.324
Með öðru barni	7.884	96.185
Með þriðja barni.	9.348	114.046
Með fjórða og hverju barni til viðbótar	10.812	131.906
Viðbótarbarnabætur til einstæðra foreldra er 200 FIM á mánuði.	12.276	149.767

Barnabæturnar eru greiddar út mánaðarlega og eru þær skattfrjálsar og án tekjutengingar.

3. Hve mörg lönd innan OECD tekjutengja barnabætur og að hvaða aldursmörkum barna eru greiddar barnabætur?

Í aðildarríkjum OECD þekkest tekjutenging barnabóta í Ástralíu, Grikklandi, Ítalíu, Kanada, Portúgal og á Spáni auk Íslands. Aldursmörkin eru 16 eða 18 ár og er skiptingin nokkuð jöfn. Í einu tilviki eru aldursmörkin 17 ár.

4. *Hvaða áform eru uppi um að draga úr tekjutengingu barnabóta og hvenær má ætla að þau komist til framkvæmda?*

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkana er fjallað um tekjutengingu barnabóta og þar segir: „Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum.“ Gert er ráð fyrir að unnið verði að þessu markmiði á kjörtímabilinu.

5. *Telur ráðherra eðlilegt að greiða barnabætur til 18 ára aldurs barns við hækkun á sjálfræðisaldrinum og eru uppi áform um það?*

Engin bein tengsl eru milli breytinga á sjálfræðisaldri og barnabóta. Ekki eru uppi áform um að greiða barnabætur til 18 ára aldurs.